

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1181

1. Almenn

Benchmark Genetics Iceland hf. (kt. 620391-1079), Bæjarhrauni 14, 220 Hafnarfjörður, er með 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1075) til klakfisks-, hrogn-, seiða- og matfiskeldis á laxi og bleikju í Vogavík. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 500 tonna hámarkslífmassa af laxi til seiða- og matfiskeldis, þann 23. október 2019.

Fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru útbúin rist sem hæfir stærð fisksins sem er í kerinu hverju sinni til að hindra að fiskur geti komist úr körunum. Auk þess er fiskgildra í fráveitu stöðvarinnar. Að auki verða hrognahúsið og seiðaeldisstöðin byggð á tækni þar sem eldisvatn er hreinsað og endurnýtt. Litlar líkur eru taldar á slyssasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körunum og frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 8. nóvember til 6. desember 2021 og ein athugasemd barst vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Benchmark Genetics Iceland hf. lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 16. febrúar 2021 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 10. maí 2021.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost, endurnýting ferskvatns sem þegar hefur verið hitað upp, endurnýting á eldisjó klakfisks umfram 70% og tveir valkostir varðandi frárennsli; A: fráveita í fjöru, B: fráveita til sjávar. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun hefur kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2.2. Jarðmyndanir

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdir á svæðinu komi til með að raska varanlega nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar á grundvelli laga um náttúruvernd og að framkvæmdarsvæðið sé um 0,5 ha. Stofnunin bendir þó á að hraunið sé töluvert laskað á framkvæmdarsvæðinu og hafi því glatað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess, það sé nokkuð mosavaxið og án sérstæðra fyrirbæra eins og gervigíga og hella. Áhrif á jarðmyndanir verði óafturkræf en óveruleg. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar og telur að áhrif framkvæmdar á svæðinu á jarðmyndun séu þegar komin fram þar sem verið er að stækka fiskeldisstöðina.

2.3 Grunnvatn

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin áætli að ólíklegt sé að fyrirhugaðar framkvæmdir og aukin vinnsla grunnvatns komi til með að hafa neikvæð áhrif á núverandi eða fyrirhuguð vatnsból Sveitarfélagsins

Voga. Engu að síður telur Skipulagsstofnan ástæðu til þess að vöktun fari fram með tilliti til hættu á íblöndun jarðsjós við ferskvatnsvinnslu og hugsanlegra áhrifa á aðra grunnvatnsvinnslu á svæðinu. Stofnunin telur að setja þurfi ákvæði í nýtingaleyfi um vöktun vegna grunnvatnstöku og viðbrögð ef í ljós komi að heimiluð vatnstaka hafi meiri áhrif á grunnvatnsborð en upphaflega var áætlað. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um verktilhögun sem miði að því að draga úr hættu á að mengun berist í vatnsból. Matvælastofnun bendir á að vöktunaráætlun um vöktun á áhrifum vinnslu á grunnvatn verði að liggja fyrir áður en vatnstaka er aukin og að Orkustofnun veiti leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknum, skv. lögum nr. 57/1998 auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnsluvæðum grunnvatns.

2.4 Lífríki fjöru og á grunnsævi

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki í fjöru verða misjafna eftir því hvaða valkostur verði valin á fyrirkomulagi útrásar frárennslis. Þannig telur Skipulagsstofnun að valkostur A muni hafa nokkuð neikvæð áhrif vegna aukins magns næringarefna en að valkostur B muni hafa óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif vegna mögulegs rasks á leirum sem njóta verndar og vistgerða sem hafa mjög hátt verndargildi. Skipulagsstofnun telur að tryggja verði að ekki verði staðbundin uppsöfnun næringarefna í frárennslis óháð valkostum framkvæmdaraðila og að brugðist verði við með mótvægisáðgerðum í samráði við eftirlitsaðila reynist styrkur næringarefna yfir mörkum. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í álitum Skipulagsstofnunar en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar. Áhættan sé því takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við í samráði við eftirlitsaðila.

2.5 Fuglar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að áhrif framkvæmda á fugla séu helst vegna rasks á búsvæðum og ónæði á framkvæmdartíma. Stofnunin telur áhrifin verða óafturkræf en óveruleg með tilliti til þess að starfsemi hefur verið á svæðinu í áraraðir og að um umfangslitlar framkvæmdir sé að ræða. Matvælastofnun tekur undir þetta sjónarmið Skipulagsstofnunar. Verði valkostur A fyrir frárennslis fyrir valinu gæti magn uppleystra næringarefna í fjöru aukist og þar með fæðuframboð ýmissa fuglategunda á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á fugla verði óveruleg óháð valkosti. Matvælastofnun tekur undir ofangreint sjónarmið en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar.

2.6 Fornleifar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdin muni raska fornleifum og að áhrifin verði varanleg og óafturkræf en telur áhrifin verða óveruleg. Minjastofnun leggst ekki gegn raski á umræddum minjum en beinir því til framkvæmdaraðila að sækja þurfi um leyfi til að fjarlægja þær fornleifar sem verði áhrifum og merkja þær minjar sem kunna að verða fyrir raski. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Sveitarfélagsins Vogar þann 25. ágúst 2021. Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.

Sveitarfélagið Vogar ákvað á fundi bæjarráðs, þann 8. september 2021, að veita ekki umsögn.

Hafrannsóknarstofnun veitti umsögn þann 3. september 2021 og leggur áherslu á að ef komi til sleppinga á laxaseiðum sé hætta á neikvæðum erfðafræðiráhrifum vegna starfssemi stöðvarinnar á villta laxastofna. Jafnframt bendir Hafrannsóknarstofnun á að frárennslis stöðvarinnar fari óhreinsað í sjó og ef bein losun í strandsjó geti leitt til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa í viðkomandi viðtaka.

Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva er kveðið á um að gildistaka sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur og að mati Matvælastofnunar uppfyllir fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland í Vogavík þau skilyrði. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun barst ein athugasemd á auglýsingartíma. Athugasemdin var frá Flóka Ásgeirssyni fyrir hönd eigenda Heiðarlands Vogajarða, fnr. 2333106, að undanskildu Sveitarfélaginu Vogum: Reykjavrent ehf., Ólaf Þór Jónsson, Selmu Jónsdóttur, Sæmund Egilsson, Særunu Jónsdóttur, Sigríði Jónsdóttur, Klemenzt Egilsson og Guðrúnu Egilsdóttur.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreinds aðila og afstaða Matvælastofnunar

- Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, þ.m.t. réttar og fullnægjandi upplýsingar um endanlega gerð og útbúnað þeirra mannvirkja þar sem starfsemin mun fara fram. Auk þess sem ekki liggi fyrir staðfest skipulag áður en rekstrarleyfi er gefið út.
- Gerð er athugasemd við að ekki hafi verið gerð fullnægjandi könnun á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar sem fjallað er um, þá sérstaklega m.t.t. grunnvatns.

Við útgáfu rekstrarleyfis verður settur fyrirvari í rekstrarleyfi um að gildistaka rekstrarleyfis sé háð leyfi til framkvæmda, nýtingarleyfi Orkustofnunar og staðfestingu Skipulagsstofnunar á deiliskipulagi. Matvælastofnun skal áður en leyfi er veitt tryggja að fyrirhuguð breyting samræmis matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Matvælastofnun hefur kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Matvælastofnun telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til útgáfu nýs rekstrarleyfis Benchmark Genetics að Vogavík.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Benchmark Genetics Iceland hf. í Vogavík í Vogum. Rekstrarleyfið heimilar 500 tonna hámarkslífmassa á laxi í seiða- og matfiskeldi í eldisstöðinni í Vogavík í Vogum.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönfum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 200 tonna rekstrarleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. (FE-1075) vegna seiða- og matfiskeldis á laxi og bleikju úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 20. desember 2037.

Selfoss, 20. desember 2021